

Heimilisfræði 2.bekkur

Kennarar: Dagný Baldursdóttir

2

Skólaárið

2025 - 2026

Helstu námsþættir vetrarins

Kennsla er bæði bókleg og verkleg. Heimilisfræðin fæst við að auka þekkingu og leikni í heimilisstörfum ásamt því að þjálfa nemendur í að umgangast eldhúsið og varast hættur sem þar eru. Lögð verður áhersla á að nemendur læri nöfn á þeim áhöldum sem notuð er.

Lögð er áhersla á að nemendur geti búið til og framreitt einfalda máltíð, geti lagt á borð og þekki helstu borðsiði ásamt þjálfun í að vaska upp og ganga frá eftir sig. Nemendur eru þjálfaðir í að vinna eftir einföldum uppskriftum. Áhersla er lögð á að nemendur geri sér grein fyrir gildi þess að borða hollan og fjölbreyttan mat m.t.t. heilsu og tannheilsu.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Kennt er í lotum þar sem hver og einn nemandi fær 17 kennslustundir. Ein kennslustund í viku 60 mín í senn.

Námsaðlögun

Verkefni eru útskýrð fyrir öllum hópnum í einu fyrst. Nemendum er svo skipt í tveggja manna hópa til að vinna verkefnin og er einstaklingsaðstoð veitt svo allir nái sem bestum tókum á þeim aðferðum sem verið er að kenna.

Námsmat

Þeir þættir sem horft er til í námsmati eru áhugi, stundvísi, vinnubrögð, frágangur, samvinna og framkoma.

Leiðbeinandi símat er í hverri kennslustund. Lögð er áhersla á að leiðbeina á uppbyggjandi hátt og hrósa fyrir góð vinnubrögð.

Námsgögn

Heimilisfræði fyrir byrjendur.

Ljósrit frá kennara.